Reykjavík

Frístundaheimilið Bakkasel

Starfsáætlun 2026-2027



LÁTUM DRAUMANA RÆTAST

Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit:

Inngangur 4
Innra mat 2025-2026 4
Umbótaáætlun 2026-2027 4
Þróunarverkefni og áherslur starfsársins 7
Helstu dagsetningar 8
- Ágúst 8
- September 8
- Október 8
- Nóvember 9
- Desember 9
- Janúar 9
- Febrúar 9
- Mars 9
- Apríl 9
- Maí 9
- Júní 9
- Júlí ..... **Error! Bookmark not defined.**

Inngangur

Í þessari starfsáætlun er fjallað um innra mat frístundaheimilisins Bakkasels auk þess sem tilgreindir eru viðburðir og dagsetningar í hverjum mánuði sem skiptir máli í starfinu.

Markmið með innra mati er að efla árangur og gæði frístundastarfs. Metið er út frá útgefnum Viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum frístundastarfs Reykjavíkurborgar þar sem vísbendingar sem þykja framúrskarandi eða mjög góðar eru taldar til styrkleika en vísbendingar sem fá einkunnina ábótavant eða óviðunandi fara í umbótaáætlun. Niðurstöður viðhorfskannana eru ávallt rýndar í innra mati.

Innra mat 2025-2026

Styrkleikar og tækifæri eru byggð á niðurstöðum úr innra mati síðasta árs og unnin út frá matsblöðum fyrir áhersluþætti innra mats.

Styrkleikar (vísbendingar sem fá A)

- Í frístundastarfinu er hlúð að börnum í samræmi við þarfir og þroska hvers og eins svo börnin fái notið bernsku sinnar.
- Í frístundastarfinu er lögð áhersla á styrk barna og áhuga.
- Starfsumhverfi er án aðgreiningar og einkennist af hlýju, öryggi og virðingu.
- Börnin eru hvött til að vera forvitin og takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni, þar sem náttúra og nærumhverfi eru nýtt sem vettvangur leiks og starfs.
- Boðið er upp á frjálsan leik og skipulagt hópastarf í almennu starfi.
- Frístundaheimilið veitir viðeigandi fræðslu til nýrra starfsmanna frístundaheimilis, hvetur til símenntunar og skapar aðstæður til starfsþróunar.
- Frístundaheimilið veitir viðeigandi fræðslu til nýrra starfsmanna frístundaheimilis, hvetur til símenntunar og skapar aðstæður til starfsþróunar.
- Forstöðumaður virkjar starfsfólk, börn og aðra hagsmunaaðila við mótun þjónustunnar.
- Samskipti starfsfólks við börnin og hvert annað, einkennast af umhyggjusemi, þolinmæði og lausnarmiðun. Starfsfólk hrósar og hvetur hvert annað og börnin.
- Foreldrar eru reglulega upplýstir um dagskrá frístundaheimilisins.
- Markvisst samstarf er við foreldra, aðra samstarfsaðila og gott upplýsingaflæði um starfsemina.
- Tekið er á móti börnum og þau kvödd með skipulögðum hætti, þannig að ljóst sé hve mörg börn eru á frístundheimilinu hverju sinni.
- Úrval af efniviði og búnaði er til staðar sem höfðar til mismunandi áhugasviðs barna og mætir þörfum þeirra óháð aldri og þroska.

Tækifæri (vísbendingar sem fá C eða D)

- Er skipulega unnið með lýðræði í starfi með börnunum?
- Fá börn þann stuðning sem þau þurfa?
- Taka öll börn þátt í dagskrá og njóta samveru með öðrum börnum?
- Er Starfsskrá frístundamiðstöðva SFS og Menntastefna Reykjavíkur kynnt fyrir nýju starfsfólki?
- Eru reglulegir fundir við grunnskóla um sameiginleg málefni?

Umbótaáætlun 2026-2027

Heiti aðgerðar:	
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. út frá köflum í matsblöðum fyrir áhersluþætti innra mats. Börnin/Lýðræði og þátttaka, Starfshættir og viðfangsefni, Faglegt starf, Bjargir og skipulag)	Er skipulega unnið með lýðræði í starfi með börnunum?
Tækifæri til umbóta. Út frá innra mati frá fyrra ári.	Unnið er með lýðræði og þátttöku barna í starfinu, en áfram eru tækifæri til að efla þessa þætti og gera betur.
Aðgerðir til umbóta. Hvernig á að framkvæma það?	Setja upp hugmyndakassana á ný og opna þá annan hvern föstudag. Þá verða hugmyndir og óskir barnanna teknar til umræðu og skipulag frístundastarfsins aðlagað að þeim eftir því sem kostur er.
Ábyrgð	Forstöðumaður og aðstoðarforstöðumaður
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Aðgerðir hefjast í nóvember 2026 og standa yfir út skólaárið 2026–2027.
Hvenær og hvernig á að endurmeta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Halda mánaðarlega fundi og samtöl með börnunum þar sem farið verður yfir starfsemi síðastliðins mánaðar. Börnin fá tækifæri til að koma með hugmyndir, ábendingar og tillögur að breytingum á skipulagi starfsins.
Viðmið um árangur. Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Fylgst verður með upplifun og ánægju barnanna af lýðræðislegri þátttöku í starfinu í Bakkaseli. Metið verður hvort þau upplifi að á þau sé hlustað og að hugmyndir þeirra hafi áhrif á skipulag starfsins.

Heiti aðgerðar:	
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. út frá köflum í **matsblöðum fyrir áhersluþætti innra mats.** Börnin/Lýðræði og þátttaka, Starfshættir og viðfangsefni, Faglegt starf, Bjargir og skipulag)	Fá börn þann stuðning sem þau þurfa?
Tækifæri til umbóta. Út frá innra mati frá fyrra ári.	Börn fá stuðning í frístundaheimilinu, en ávallt eru tækifæri til að bæta og þróa stuðninginn svo hann mæti sem best þörfum hvers barns.
Aðgerðir til umbóta. Hvernig á að framkvæma það?	Stuðningsstarfsfólk fari yfir stuðningsáætlanir barnanna einu sinni í mánuði og tryggja að þær séu uppfærðar og að stuðningur sé veittur í samræmi við þarfir hvers barns.
Ábyrgð	Forstöðumaður og aðstoðarforstöðumaður

Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Aðgerðir standa yfir allt skólaárið 2026–2027.
Hvenær og hvernig á að endurmeta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Starfsmannafundir eru nýttir til að fara yfir stuðningsþarfir barnanna með stuðningsstarfsmönnum og endurmeta stuðningsáætlanir einu sinni í mánuði.
Viðmið um árangur. Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Stuðningur sé viðeigandi og skili árangri fyrir börnin og starfsfólkið. Tryggja skal að börn með sértækar stuðningsþarfir fái viðeigandi stuðning sem stuðlar að vellíðan þeirra og þátttöku í starfinu og að börn og foreldrar finni að þörfum þeirra sé mætt.

Heiti aðgerðar:	
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. út frá köflum í matsblöðum fyrir áhersluþætti innra mats. Börnin/Lýðræði og þátttaka, Starfshættir og viðfangsefni, Faglegt starf, Bjargir og skipulag)	Taka öll börn þátt í dagskrá og njóta samveru með öðrum börnum?
Tækifæri til umbóta. Út frá innra mati frá fyrra ári.	Sum börn eiga erfitt með að taka þátt í almennri dagskrá og þurfa því einstaklingsmiðaðra og sérhæfðara dagskipulag sem tekur mið af þörfum þeirra.
Aðgerðir til umbóta. Hvernig á að framkvæma það?	Útbúa einstaklingsmiðað dagskipulag fyrir þau börn sem þurfa á slíku skipulagi að halda. Skipulagið skal taka mið af þörfum og aðstæðum hvers barns og stuðla að aukinni þátttöku þess í starfinu.
Ábyrgð	Forstöðumaður og aðstoðarforstöðumaður
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Í kjölfar þess að búið er að meta stuðningsþarfir barnanna og kortleggja hvaða börn þurfa á einstaklingsmiðuðu dagskipulagi að halda.
Hvenær og hvernig á að endurmeta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Endurmeta einu sinni í mánuði hvort stuðningsþörf barnanna hafi breyst og hvort þörf sé á að aðlaga dagskipulagið. Markmiðið er að í maí hafi öll börn verið þáttakendur í hefðbundinni dagskrá og geti fylgt daglegu skipulagi.
Viðmið um árangur. Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Einstaklingsmiðað dagskipulag sé til staðar fyrir þau börn sem þurfa á því að halda og stuðli að aukinni vellíðan, öryggi og þátttöku þeirra í frístundastarfinu. Einnig að öll börn þekki dagsskipulagið og geti tekið þátt í almennri dagskrá að lágmarki tvisvar í viku.

Heiti aðgerðar:	X

Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. út frá köflum í matsblöðum fyrir áhersluþætti innra mats. Börnin/Lýðræði og þátttaka, Starfshættir og viðfangsefni, Faglegt starf, Bjargir og skipulag)	Er Starfsskrá frístundamiðstöðva SFS og Menntastefna Reykjavíkur kynnt fyrir nýju starfsfólki?
Tækifæri til umbóta. Út frá innra mati frá fyrra ári.	Tryggja þarf að allt nýtt starfsfólk fái kynningu á starfsskrá frístundamiðstöðva SFS og Menntastefnu Reykjavíkur og öðlist skilning á helstu áherslum þeirra.
Aðgerðir til umbóta. Hvernig á að framkvæma það?	Nýta fyrsta starfsmannafund til að horfa sameiginlega á myndbönd um starfsskrá og menntastefnu og ræða helstu áherslur þeirra. Þar sem nýtt starfsfólk kemur til starfa á mismunandi tímum skólaársins þarf jafnframt að tryggja að það fái nægan tíma og tækifæri til að kynna sér stefnurnar og horfa á fræðslumyndböndin.
Ábyrgð	Forstöðumaður
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Aðgerðir standa yfir allt skólaárið 2026–2027.
Hvenær og hvernig á að endurmeta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Haldið verður utan um það hvaða starfsfólk hefur fengið kynningu og fræðslu um starfsskrána og menntastefnuna. Skrá verður hverjir hafa lokið kynningunni og fylgja því eftir að allir starfsmenn fái viðeigandi fræðslu.
Viðmið um árangur. Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Markmiðið er að allt starfsfólk þekki starfsskrá frístundamiðstöðva SFS og Menntastefnu Reykjavíkur við lok skólaársins 2026–2027.

Þróunarverkefni og áherslur starfsársins

út frá Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 og Almennum aðgerðum menntastefnu Reykjavíkur 2025-2027.

Leiklistarhátíð

Leiklistarhátíðin er orðinn fastur og mikilvægur þáttur í árlegu starfi frístundaheimilisins. Nemendur í 1. og 2. bekk taka þátt í verkefninu og koma að öllum helstu þáttum uppsetningar leikritsins. Börnin taka virkan þátt í leiknum sjálfum, auk þess sem þau fá tækifæri til að skapa leikmynd, hanna búninga og leggja sitt af mörkum við útfærslu sýningarinnar. Með þessu móti fá börnin tækifæri til að nýta sköpunargáfu sína, efla sjálfstraust og láta ljós sitt skína á ólíkan hátt. Verkefninu lýkur með sýningu þar sem foreldrum, fjölskyldum og öðrum gestum er boðið að njóta afrakstursins.

Kvikmyndahátíðin Filman

Kvikmyndahátíðin Filman er einnig fastur liður í árlegu starfi og er ætluð nemendum í 3. og 4. bekk. Börnin fá þar tækifæri til að skapa sína eigin kvikmynd frá upphafi til enda og bera sjálf ábyrgð á helstu þáttum framleiðslunnar.

Þau semja handrit, vinna saman að búningum, taka upp efni, klippa og setja myndina saman. Verkefnið gefur börnunum tækifæri til að efla sköpunargáfu, samvinnu og sjálfstæði ásamt því að kynnast ólíkum þáttum kvikmyndagerðar. Að verkefninu loknu er haldin kvikmyndasýning þar sem foreldrum, fjölskyldum og öðrum gestum er boðið að horfa á afrakstur vinnunnar.

Breiðholt Got Talent

Breiðholt Got Talent er árleg hæfileikakeppni sem haldin er í febrúar og taka nemendur í 1.–4. bekk þátt í. Þar fá börnin tækifæri til að koma fram, sýna hæfileika sína og deila áhugamálum sínum með öðrum. Í gegnum árin hafa atriðin verið fjölbreytt og meðal annars falið í sér dans, söng, grín, karate og ýmis önnur skemmtiatriði. Verkefnið stuðlar að því að börnin fái að njóta sín á eigin forsendum, efli sjálfstraust sitt og upplifi að hæfileikar þeirra og áhugamál séu metin að verðleikum. Haldin er vegleg sýning í lokin þar sem foreldrum, fjölskyldumeðlimum og öðrum gestum er boðið að koma og njóta atriðanna.

Félagsfærniklúbbur

Félagsfærniklúbburinn er tiltölulega nýtt verkefni á frístundaheimilinu og hefur það að markmiði að efla félagsfærni og félagsleg tengsl barna. Unnið er markvisst að því að kortleggja barnahópinn og greina hvaða börn gætu haft gagn af auknum félagslegum stuðningi og markvissri félagsfærniþjálfun. Í klúbbnum er lögð áhersla á að styrkja félagslega færni barnanna, styðja þau í að mynda tengsl við önnur börn og þjálfa jákvæð og uppbyggileg samskipti. Markmiðið er að börnin öðlist aukið öryggi í samskiptum, efli færni sína í samskiptum við jafningja og byggi upp góð og heilbrigð vináttutengsl.

Strákar spjalla

Strákar spjalla er nýtt verkefni sem hefst í nóvember 2026. Verkefnið er ætlað drengjum og hefur það að markmiði að efla færni þeirra í að tjá sig, eiga uppbyggileg samtöl og hlusta hver á annan. Verkefnið er jafnframt úrræði sem miðar að því að valdefla drengi og efla tilfinningalæsi þeirra og samskiptahæfni með samtölum. Áhersla verður lögð á að þjálfa drengina í að tjá hugsanir sínar og tilfinningar, hlusta á sjónarmið annarra, taka afstöðu og byggja upp heilbrigð samskipti. Einnig verður unnið með fjölbreytta leiki og verkefni sem styðja við markmið hópsins. Verkefnið veitir drengjunum tækifæri til að efla samskiptafærni sína, ígrunda eigin líðan og hegðun, taka sjálfstæða afstöðu og æfa sig í að setja orð á tilfinningar sínar. Öll vinna fer fram í öruggu og uppbyggilegu umhverfi þar sem rödd hvers þátttakanda fær að njóta sín.

Helstu dagsetningar

Ágúst
24.08 - Skólasetning

September
14.09- Útileikir og náttúran
16.09- Dagur íslenskrar náttúru
17.09- Foreldrakynning

Október
5.10 - Íþróttavika

Nóvember
9.11- Vináttuvika
16.11- Réttindavika
20.11- Dagur mannréttinda barna
26.11- Benedikt Búálfur

Desember
3.12- Jólakaffi

Janúar
18.01- Þorravika
21.01- Bóndadags kaffi

Febrúar
10.02- Öskudagur
12.02- Breiðholt Got Talent
24.02- Góuvika - konud.kaffi

Mars
15.03- Regnbogavika
23.03- Kváradagur

Apríl
19.04- Barnamenningarhátíð
27.04- Menntastefnumót/ starfsdagur

Maí
10.05- Úti /samvinnuleikir.

Júní
10.06- Skólaslit